



Víglundur Þorsteinsson  
Lindarflöt 39  
210 Garðabæ

## FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Arnarhvoli 150 Reykjavík  
sími: 545 9200 bréfasími: 545 9299  
postur@fjr.is www.fjr.is

Reykjavík 5. september 2012  
Tilv.: FJR12070038/1.10

Vísað er til bréfs yðar til ráðuneytisins, dags. hinn 10. júlí sl. sem ritað var í tilefni af úrskurði Úrskurðarnefndar um upplýsingamál, dags. hinn 29. júní sl. í máli sem þér beinduð til hennar í framhaldi af samskiptum við ráðuneytið. Eins og ráðuneytið hefur rökstutt í fyrri samskiptum við yður og úrskurðarnefndina snerta samningar á milli gömlu og nýju bankanna viðkvæmar upplýsingar með tilliti til þess að þar var annars vegar fjallað um framsal á eignum, sem einkum voru kröfur á hendur fyrirtækjum og einstaklingum og hins vegar tengjast einstakir samningar fjármögnun nýju bankanna sem starfa á samkeppnismarkaði þessum eignum. Þá er málið þannig vaxið að það voru fyrst og fremst gömlu og nýju bankarnir sem áttu aðild að þessum samningum þótt stjórnvöld hafi fylgst grannt með málum sökum mikilvægis þeirra fyrir fjármálalegan stöðugleika í landinu. Málið varðar því ýmsa fleiri heldur en stjórnvöld og hagsmuni fyrirtækis yðar.

Ekki verður annað séð en að Úrskurðarnefnd um upplýsingamál hafi í stórum dráttum staðfest mat ráðuneytisins á því hvaða samninga og gögn skyldi afhenda og hvað þyrfti að vera undanskilið vegna ákvæða um þagnarskyldu og tillits til hagsmuna annarra. Ekki er hægt að fallast á hugleiðingar í bréfi yðar um að ráðuneytið hafi með einhverjum hætti stuðlað að því með upplýsingagjöf og gagnaframlagningu hjá nefndinni að nefndin kæmist að efnislega rangri niðurstöðu. Úrskurðarnefndin fékk öll þau gögn sem hún bað um og mat efni þeirra eftir ítarlega skoðun eins og fram kemur í úrskurðinum frá 29. júní sl.

Í bréfi yðar er að finna ýmsa gagnrýni á það hvernig staðið var að endurreisn viðskiptabankanna og hvernig stjórnvöld komu að því máli. Því ferli er öllu lýst nákvæmlega í skýrslu fjármálaráðherra til Alþingis, sem vísað er til í bréfi yðar. Ráðuneytið ítrekar það sem áður hefur komið fram að réttarstaða skuldara krafna gamla og nýja Kaupþings hf. breyttist ekkert við framsal til nýja bankans, hvorki til hins betra né hins verra.

Verðmat á fjármunakröfum í miðju efnahagshruni er vandasamt og í öllum bönkunum þremur voru ákveðnir flokkar krafna teknir út úr því verðmati og ákveðið að leggja síðar mat á verðgildið þegar það lægi nánar fyrir. Þetta útfærðu bankarnir með mismunandi hætti eins og kunnugt er. Öll umræða í bréfi yðar um aftökulista eða hvernig „aftaka skyldi fara fram“ er því úr lausu lofti gripin.

Ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins á grundvelli laga nr. 125/2008 gerðu ráð fyrir framsali eignanna til nýrra banka sem þeir greiddu fyrir með yfirtöku á innstæðuskuldbindingum og skuldabréfum ef á þurfti að halda. Ákvarðanir gerðu ráð fyrir mati á eignum. Það fór fram en skilaði víðu verðbili. Gömlu og nýju bankarnir sömdu síðan um útfærslu á uppgjöri á grunni

Þess mats. Enginn skuldari var sviptur rétti sínum til að verjast skuldakröfum eða semja um skuldir með þessum gerningum. Er það raunar tekið fram í ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins að engin breyting yrði á réttarstöðu skuldara.

Í bréfi yðar er gerð krafa um upplýsingar frá ráðuneytinu. Verður nú vikið að einstökum liðum í þeirri beiðni:

1. **Krafa um afhendingu samning um vörslu og skilyrt virðisréttindi:** Um þennan hluta kröfunnar hefur áður verið fjallað í bréfaskiptum og úrskurðarnefndin hefur jafnframt lokið úrskurði sínum á þennan ágreining með eftirfarandi úrskurðarorði:

„Staðfest er synjun fjármálaráðuneytisins, dags. 26. ágúst 2011, á beiðni kæranda, [A], dags. 11. júlí, um aðgang að samningi um vörslu og skilyrtan virðisrétt í tengslum við eignir Nýja Kaupþings banka hf. og Kaupþings banka hf., dags. 3. september 2009 („ESCROW AND CONTINGENT VALUE RIGHTS AGREEMENT IN RELATION TO ASSETS OF NEW KAUPTHING BANK HF. AND KAUPTHING BANK HF.“

Í rökstuðningi fyrir þessari niðurstöðu viku nefndin að því að samningurinn varði viðskipti tveggja einkaréttarlegra aðila og mæli fyrir um viðkvæma þætti sem lúta að þeirri aðferð sem viðhafa skyldi við uppgjör fjárhagslegra skuldbindinga þeirra á milli. Þá tiltekur nefndin að með samningnum sé ekki með beinum hætti fjallað um ráðstöfun opinberra hagsmuna. Þá hefur nefndin yfirfarið að í samningnum sé ekki fjallað um ráðstöfun hagsmuna yðar eða aðila yður tengdum sérstaklega.

Í bréfi yðar eru ekki tileknar neinar nýjar forsendur eða upplýsingar sem veita ráðuneytinu ástæðu til að endurskoða fyrri afstöðu sína, sem lögskipuð úrskurðarnefnd hefur staðfest. Úrskurðinum er hægt að hnekkja með því að vísa niðurstöðum til dómstóla en ráðuneytið telur engar forsendur til að breyta fyrri afstöðu í málinu.

2. **Krafa um fundargerðir og gögn nefndar „undir forystu fjármálaráðherra“ sem fjallaði um endurreisn viðskiptabankanna, sem „höfð voru til hliðsjónar um ákvörðunar nefndarinnar um þá leið sem farin var í „heimildarlausri einkavæðingu „Nýja Kaupþings hf. og að hverju var stefnt með því að semja við skilaneftndina um þau mál ...“.** Upplýsingar og leiðbeiningar til ráðherra og ríkisstjórnar.

Eins og getið er um í kafla 2.4.2 í skýrslu fjármálaráðherra til Alþingis setti ríkisstjórnin fram tiltekin meginmarkmið í endurreisn viðskiptabankanna þegar kom að samningum um uppgjör og fjármögnun nýju bankanna. Þau voru nánar tiltekið:

- Að tryggja jafna og réttláta meðferð kröfuhafa í öllum þremur gömlu bönkunum.
- Að beitt yrði alþjóðlega viðurkenndum aðferðum við samningaviðræðurnar og uppgjórið.
- Að tryggja rekstrargrundvöll bankanna þannig að þeir tækju ekki á sig meiri skuldbindingar en þeir réðu við vegna yfirtöku eignanna.
- Að taka upp viðræður og samvinnu við skilaneftndir gömlu bankanna og ráðgjafa þeirra og taka tillit til sjónarmiða kröfuhafa eftir því sem fært yrði. Lögð yrði áhersla á skilvirka og réttláta miðlun upplýsinga milli aðila í samningaferlinu.
- Að leitast við að finna lausnir sem kröfuhafar sættu sig við og greiða þar með fyrir aðgangi ríkissjóðs og nýju bankanna að alþjóðlegum fjármálamörkuðum.

Eins og fram kemur á sama stað var sett á laggirnar þriggja manna stýrinefnd með fulltrúum þriggja ráðuneyta. Með nefndinni starfaði hópur ráðgjafa og var á vegum hennar fjallað um viðskiptaáætlanir nýju bankanna, fjármögnun þeirra sem og gang samningaviðræðna um uppgjör á milli gömlu og nýju bankanna. Ekkert var fjallað um málefni einstakra viðskiptamanna bankanna í þessum störfum.

Á fundum nefndarinnar voru lögð fram gögn sem undanþegin eru upplýsingarétti almennings samkvæmt 5. gr. upplýsingalaga og jafnframt teljast þau að stórum hluta til vinnuskjöl til eigin nota í skilningi 3. t.l. 1. mgr. 4. gr. upplýsingalaga.

Eins og lýst er nánar í skýrslu fjármálaráðherra, kafla 2.4.6.2, hafði aðdragandi samnings um stofnfjármögnun Kaupþings þann aðdraganda að skilanefnd bankans hafði lýst yfir áhuga á því að nýta hluta eigna bankans til að fjármagna nýja bankann. Þetta þótti vera í samræmi við áðurnefnd markmið stjórnvalda um að minnka bæri fjárhagslega áhættu ríkisins af endurreisn fjármálamarkaðarins eftir föngum, og að ekki væri heppilegt að ríkið yrði eitt eigandi nánast allrar fjármálastarfsemi í landinu.

Samningar á milli gamla og Nýja Kaupþings hf. höfðu þá sérstöðu að innstæðuskuldbindingar sem nýi bankinn yfirtók námu hærri fjárhæð en þær eignir sem fluttar voru til hins nýja banka. Það helgaðist af því að bankinn átti hlutfallslega meira af erlendum eignum en hinir bankarnir, en einungis innlendar eignir voru fluttar til hinna nýju banka. Samningsaðilar komust ekki að niðurstöðu um mat á öllum eignum, sem fluttar voru til nýja bankans. Var þar einkum um að ræða stærri fyrirtækjalán í tilvikum þar sem mikil óvissa var um greiðslugetu. Var ákveðið að meta verðmæti þeirra síðar, þ.e. þegar meiri stöðugleiki væri kominn á í íslensku efnahagslífi og léttara um vik að leggja mat endurheimtur. Þessi þáttur samninganna hafði engin áhrif á réttarstöðu viðkomandi lántakenda að því er best verður séð.

Gagnabeiðnin í síðari hluta 2. t.l. bréfs yðar ekki fyllilega skýr, en þar er vikið að með hvaða hætti óskilgreindir ráðherrar og ríkisstjórn voru upplýst „eða tóku þátt í þessu ferli“. Þessi beiðni lýtur ekki að gögnum máls og ráðuneytið getur ekki frekar en gert er í skýrslu fjármálaráðherra til Alþingis lýst því ferli, hverjir komu að því og á hvaða tímum ráðherrar og ríkisstjórn fjölluðu um það.

### 3. Samkomulag sem nefnt er í G lið hluthafasamkomulags („Heads of Terms“).

Umrætt skjal, dags. 17. júlí 2009, er nokkurs konar viljayfirlýsing og undanfari annarra samninga, sem gerðir voru um miðjan ágúst 2009. Því fylgja auk þess viðaukar þar sem settir eru fram helstu skilmálar þeirra samninga sem unnið var að næstu vikurnar og lauk með undirritun hinn 3. september 2009. Allir þessir skilmálar voru óskuldbindandi fyrir aðila en lýstu áformum þeirra og tímaáætlunum um gerð bindandi samninga.

Ráðuneytið fellst á að afhenda umrætt skjal, en þó að undanskildum nokkrum þáttum sem varða viðskiptamálefni nýja og gamla Kaupþings og eru undanþegin upplýsingarétti samkvæmt ákvæðum 5. gr. upplýsingalaga. Þar er um að ræða sömu atriði og fjallað er um í samningi um vörslur og skilyrt virðisréttindi og úrskurðarnefnd um upplýsingamál hefur áður fjallað um. Nánar tiltekið er það: a) viðauki D (Schedule D) sem varðar uppgjör á fjárhagsskuldbindingum á milli gamla og nýja Kaupþings (nú Arion banka hf.); og b) Ákvæði viljayfirlýsingarinnar sem snerta sama málefni. Hefur verið strikað yfir viðkomandi ákvæði í meðfylgjandi eintaki samningsins.

### 4. Samningur um stofnfjármögnun „í heild sinni með öllum þeim skilyrðum sem honum fylgdu og voru hluti samningsins eins og lýst er að nokkur efnislega á bls. 50-51 í skýrslu fjármálaráðherra til Alþingis í mars 2011.“


Umræddur samningur ber heitið Kaupthing Capitalisation Agreement og er dagsettur þann 3. september 2009.

Íslenska ríkið, Kaupskil hf. og Nýja Kaupþing hf. eru aðilar að þessum samningi. Í honum er fjallað um heimild gamla Kaupþings að fjármagna nýja bankann og eignast meirihluta

hlutafjár.

Í samningnum eru ákvæði um trúnað en ráðuneytið hefur óskað eftir umsögn annarra samningsaðila um það hvort þeir telji ástæðu til að falla frá þeim trúnaði og afhenda samninginn að hluta til eða öllu leyti. Er miðað við að niðurstaða í því efni liggi fyrir innan 14 daga frá dagsetningu þessa bréfs og mun þá verða tekin afstaða til afhendingar umræddra gagna til yðar.

Fyrir hönd ráðherra



Þórhallur Arason



Hafsteinn S. Hafsteinsson